

Formannafundur deilda Vestra 2024

Fundur með formönnum deilda Vestra haldinn í lessal Safnahússins á Ísafirði, miðvikudaginn 28. febrúar 2023, kl. 17:30.

Mætt voru úr aðalstjórn: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason og Gísli Jón Hjaltason (fjarfundur).

Mætt voru frá deildum: Shiran Þórisson form. körfuknattleiksdeildar, Þórir Guðmundsson form. barna- og unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar, Svavar Þór Guðmundsson, form. knattspyrnudeildar, Jón Hálfván Pétursson, form. yngri flokka knattspyrnudeildar, Sigurður Jón Hreinsson, formaður blakdeildar, Viðar Kristinsson formaður hjólríðadeildar og Sigríður Ólöf Kristjánisdóttir fyrir lyftingadeild (fjarfundur).

Fyrir tekið:

1 Kynning starfsstöðum til eflingar íþróttastarfi á landsvísu. Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ var með kynningu í fjarfundi á fyrirhuguðum starfsstöðvum til eflingar íþróttastarfi á landsvísu, þ.e. aðdragandinn að verkefninu sem tengist lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlögin). Fór hann yfir staðsetningu starfsstöðvanna og starfsmanna, hlutverk þeirra og þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Enn er unnið að útfærslu verkefnisins sem verður kynnt með skipulögðum hætti fyrir íþróttahreyfingunni þegar endanleg mynd er komin á það. Að sögn Andra munu verkefni starfsstöðvanna að einhverju leyti taka mið af óskum íþróttahreyfingarinnar á hverju svæði fyrir sig og verður farvegurinn í slíkum tilfellum í gegnum héraðssamböndin.

2 Boðun aðalfunda. Ársþing HSV verður haldið 7. maí nk. Aðildarfélögum HSV ber áður að halda aðalfundi og boða til þeirra með löglegum hætti. Ársskýrslur og undirritaðir ársreikningar þurfa að berast til HSV eigi síðar en 1. maí og skulu ársskýrslur aðildarfélaga vera aðgengilegar í þeirri skýrslu. Formaður aðalstjórnar hvatti deildirnar til að ákveða dagsetningu aðalfunda sem fyrst þar sem tímasetning á aðalfundi aðalstjórnar tekur mið af því, þ.e. allar deildir þurfa að hafa skilað af sér fyrir þann tíma. Hjólríðadeild Vestra hefur þegar boðað aðalfund 14. mars nk.

3 Fjármál félagsins. Gjaldkeri aðalstjórnar fór yfir þær lottótekjur sem koma í hlut félagsins og hvernig þeim er úthlutað til deilda. Ennfremur fór hann nokkrum orðum um getraunaleik Vestra og stöðuna á sunddeildinni, sem er enn til þótt hún hafi ekki starfað lengi. Í tengslum við umræður um lottótekjur var rætt um skráningu iðkenda í Sportabler og fram kom að einhverjum finnst kerfið flókið í notkun. Á fundinum buðust þeir sem hafa tileinkað sér þekkingu á Sportabler til að leiðbeina þeim sem þess þurfa.

4 Breytt fyrirkomulag innan HSV. Í lok árs 2023 var gengið frá nýjum samstarfssamningi á milli HSV og Ísafjarðarbæjar. Nýr samningur felur í sér umtalsverðar breytingar frá fyrri samningum og þar ber helst að nefna að stór verkefni flytjast frá HSV til Ísafjarðarbæjar ásamt fjármagni sem þeim hefur fylgt. Í kjölfarið var skrifstofu HSV lokað og framkvæmdastjóra sagt upp störfum. Mun stjórn HSV sinna þeim verkefnum sem eftir eru, s.s. úthlutun lottótekna og styrkveitingar úr sjóðum. Ísafjarðarbær auglýsti starf íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og var Dagný Finnbjörnsdóttir, fyrrv. framkvæmdastjóri HSV, ráðin til starfa frá og með 1. febrúar 2024. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi er með aðsetur á 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu og þangað skal senda erindi sem

viðkoma íþróttahreyfingunni og heyra undir Ísafjarðarbæ, m.a. verkefna- og uppbyggingaasamningar, íþróttaskólinn, leikjaplan, útdeling á tímum í íþróttamannvirkjum, íbúðarmál o.fl.

5 Samráðsfundir íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar. Tekin hefur verið tekin upp sú nýbreytni að halda samráðsfundi íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar. Þegar hafa verið haldnir tveir fundir og gert ráð fyrir að fundir verði að jafnaði einu sinni í mánuði. Fundina sitja sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs og íþrótt- og tómstundafulltrúi ásamt formönnum íþróttafélaga. Er fundunum ætlað að auka gagnsæi og stytta boðleiðir í stjórnsýslunni jafnframt því að vera vettvangur þar sem íþróttafélögin geta komið sínum málum á framfæri.

6 Félagsaðstaðan í Vallarhúsinu. Vestri er með félagsaðstöðu á 2. hæð Vallarhússins á Torfnesi. Öllum deildum félagsins stendur til boða á nýta hana til fundarhalda og annarra viðburða í nafni félagsins. Aðeins þarf að gæta þess að ekki verði skörun og mikilvægt að tilkynna fyrirhugaða notkun á fb-síðu Vallarhússins. Knattspyrnudeildin hefur umsjón með húsnæðinu og hefur lagt metnað í að skapa þar góða aðstöðu, m.a. með kaupum á nýjum borðum og stólum nú nýverið. Til að tryggja góða umgengni hafa verið settar einfaldar umgengnisreglur sem fela í sér leiðbeiningar um frágang í salnum að notkun lokinni.

7. Önnur mál.

Aðalstjórn. Formaður aðalstjórnar, Guðfinna Hreiðarsdóttir, greindi frá því að hún muni ekki gefa kost á sér áfram sem formaður á næsta aðalfundi félagsins. Óskaði hún eftir því við fundarmenn að þeir hefðu augun opin fyrir eftirmanni hennar í þetta embætti og kæmu tillögum á framfæri við aðalstjórn tímanlega fyrir aðalfund.

Styrkjamál. Formaður aðalstjórnar vakti máls á fyrirkomulagi fjáröflunar hjá deildum félagsins, aðallega hvernig styrkir eru sóttir og samskipti við styrktaraðila. Urðu nokkrar umræður um þetta mál þar sem sæti meistaraflokks karla í efstu deild fótboltans virðist í einhverjum tilfellum hafa haft áhrif á styrkveitingar til annarra deilda. Fundarmenn voru sammála um að þar sem Vestri er fjölgreinafélag í litlu samfélagi með takmörkuð tækifæri til að afla styrkja, þá væri mikilvægt að deildirnar væru meðvitaðar um að ganga ekki á hlut hverrar annarrar að þessu leyti.

Rekstur íþróttamannvirkja á Torfnesi. Formaður körfuknattleiksdeildar lagði til að skoðaðir yrðu til hlítar möguleikar þess að Vestri taki yfir rekstur íþróttamannvirkja á Torfnesi, þ.e. íþrótt húsið og knattspyrnusvæðið, utan skólatíma. Benti hann á að það tíðkist víða að íþróttafélög reki íþróttamannvirki í eigu sveitarfélaga, t.d. Haukar, KR og ÍR. Urðu talsverðar umræður um þetta mál og ákveðið að skoða það betur, m.a. hvernig önnur sveitarfélög semja við íþróttafélög þar sem þetta fyrirkomulag er við haft.

Markaðssetning á Vestravörum. Formaður körfuknattleiksdeildar benti á að meðal ferðamanna sem heimsækja Ísafjörð sé áhugi á að kaupa vörur sem hafa tengingu við svæðið. Telur að hann að eftirspurn sé eftir vörum merktum Vestra og að það gæti verið góð fjáröflun fyrir félagið að framleiða og selja varning með merki Vestra. Hugmyndin hlaut góðar undirtektir og fundarmenn sammála um að skoða málið betur.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.50.